

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra
Heilbrigðisráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

17. desember 2020

Efni: Samningar um rekstur hjúkrunarheimila við sveitarfélögin Akureyrarbæ, Hornafjörð, Vestmannaeyjar og Fjarðarbyggð.

Ofangreind sveitarfélög hafa öll sagt upp samningum um rekstur hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ). Viðræður um yfirfærslu á rekstrinum til ríkisins hafa staðið yfir frá því síðasta vor en ekki gengið sem skyldi. Viðræðurnar hafa einkum farið fram á milli annars vegar SÍ og hins vegar Akureyrarbæjar, Hornafjarðar og Vestmannaeyja.

Fjarðarbyggð hefur átt minni aðkomu að viðræðunum þar sem samningur þeirra um rekstur hjúkrunarheimila gildir út mars 2021. Akureyrarbær og Vestmannaeyjarbær hefðu hins vegar að óbreyttu átt að skila rekstrinum til ríkisvaldsins 1. janúar 2021 en Hornafjörður 1. febrúar 2021. Fyrirnefndu sveitarfélögin tvö hafa samið um framleggingu um 4 mánuði annars vegar og 3 mánuði hins vegar. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur ekki samið.

Föstudaginn 12. desember sl. áttu sveitarfélögin fund með starfsmönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað var eftir stuðningi sambandsins og samstarfi í viðræðum við SÍ. Þar var lýst nokkurri furðu á því hvernig samningafundir við SÍ hefðu farið fram, oft og tíðum væru þeir afar óformlegir og ómarkvissir. Því til viðbótar er ljóst að það er algjör trúnaðarrestur kominn upp af hálfu sveitarfélaganna gagnvart forstjóra SÍ, sem m.a. hefur verið uppvís að ósannsögli í viðræðum aðila.

Bæjar- og sveitarstjórar ofangreindra sveitarfélaga óska hér með eftir fundi með heilbrigðisráðherra um þá stöðu sem upp er komin og þau skref sem framundan eru. Þann fund sætu af okkar hálfu fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra ásamt Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Valgerði Freyju Ágústsdóttur, sérfræðingi á hag- og upplýsingasviði sambandsins.

Þess er vænst að sá fundur færi fram eins fljótt og auðið er.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. bæjarstjórnanna fjögurra:


Matthildur Ásmundardóttir,
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar

